

Nefndarálit Ferða-og umhverfisnefndar Landsþing LH 2024

25.október 2024 – Landsþing hestamanna í Borgarnesi

Ferða og reiðveganefnd

### 1. Tillaga á þingskjali nr. 34

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að Landssamband hestamannafélaga verði leiðandi í því að styðja við félögin í landinu þegar ágreiningsmál koma um nýtingu reiðleiða sem og vinni að auknum fjárveitingum til reiðvegamála.

Ferða- og umhverfisnefnd mælir með samþykkt tillögunnar en beinir því jafnframt til stjórnar að leita álits á lagalegri stöðu reiðleiða annars vegar og þjóðleiða hins vegar ásamt rétti landeigenda til að loka reiðvegum, hvort heldur sem er þjóðleiðum eða almennum reiðvegum sem eru á samþykktu skipulagi. Þá skuli skoða stöðu reiðvega innan þjóðgarða, skóg- og landrækta. Þá beinir nefndin því til stjórnar að eiga frumkvæði að samtali um reiðleiðir landsins við opinbera aðila og félagasamtök.

### 2. Tillaga á þingskjali nr. 36

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að LH beiti sér fyrir því að fundinn sé betri lausn á förgun hrossataðs á höfuðborgarsvæðinu en nú er. Einnig að LH skoði hvort samtökin geti eða þurfi að beita sér fyrir breytingum á reglum hvað þetta varðar, þannig að gagnist öllum hestamannafélögum almennt.

Ferða- og reiðveganefnd mælir með að tillagan verði samþykkt. Hrossatað er viðurkenndur lífrænn áburður og nefndin beinir því til stjórnar LH að skoða bættu nýtingu hrossataðs á höfuðborgarsvæðinu ásamt sveitarfélögunum, sem gæti mögulega orðið fyrirmynd annarra landshluta.

### 3. Tillaga til ályktunar – Flytjandi ferða- og umhverfisnefnd

64. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024 skorar á stjórnvöld að sjá til þess að framlag hins opinbera til reiðvega verði a.m.k. 300 m.kr á ársgrundvelli næstu fimm árin eins og hóflegar tillögur starfshóps innviðaráðherra um úrbætur í reiðvegumálum segja til um.

Ferða- og reiðveganefnd mælir með að tillagan verði samþykkt.